



Samtakahópurinn, fundur haldinn 12.10.2023 kl. 14:30 í

Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Ólafía Kristín Guðmundsdóttir, Sigrún Helga Björnsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Silja M. Albertsdóttir, Thelma Hrund Hermannsdóttir, Aníta Engley, Andrea Marel Þorsteinsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Fundargerð

Börn foreldra með geðvanda

- Hafþór Barði Birgisson, íprótta- og tólmstundafulltrúi greindi frá því að Lýðheilsuráð væri að bjóða upp á fyrirlestur fyrir öll seinna í dag á bókasafni Reykjanesbæjar. Fyrirlesturinn hefst kl. 17:00 og stendur yfir í eina klukkustund. Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn er haldinn víðs vegar í heiminum 10. október ár hvert. Í tilefni hans mun Sigríður Gísladóttir formaður Geðhjálpar fræða öll sem hafa áhuga, um börn foreldra með geðrænan vanda. Sigríður verður með fræðslu um börn foreldra með geðvanda og fjallar um verndandi þætti og leiðir til að styðja við þann hóp.

Flotinn

- Andrea Marel Þorsteinsdóttir, deildarstjóri unglíngastarfs hjá Tjörninni frístundamiðstöð kynnti starfsemi Flotans. Flotinn er flakkandi félagsmiðstöð í Reykjavík og er viðbót við almennar félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva. Starfsmenn félagsmiðstöðva sinna vettvangsvinnu og tengjast unglíngum í hverfum borgarinnar. Flotinn stendur fyrir uppákomum úti við, er til staðar fyrir unglíngana, fylgist með óæskilegri hópamyndun og fer í heimsóknir til unglínganna í félagsmiðstöðvar og í Vinnuskólann. Flotinn hefur mætt á bæjarhátíðir og voru starfsmenn Flotans lykilstarfsmenn á Menningarnótt en Flotinn var í góðu samstarfi við lögregluna. Starfsmenn Flotans eru í merktum fatnaði til auðkenningar. Mikil ánægja hefur verið með Flotann í Reykjavík. Sjá nánar um starf Flotans hér: <https://tjornin.is/flotinn-flakkandi-felagsmidstod-roaming-youth-centre/> Samtakahópurinn þakkar Andreu Marel fyrir góða kynningu. Hópnum þótti hugmyndin að vettvangstarfi Flotans góð og myndi gjarnan vilja skoða sambærilega útfærslu fyrir Reykjanesbæ.



Íslenska æskulýðsrannsóknin

- Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar sagði frá nýjustu niðurstöðum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni sem lögð var fyrir nemendur í 4. - 10. bekk vorið 2023. Samtakahópurinn er sammála um að niðurstöðurnar gefi til kynna að mikil sóknarfæri eru til að skapa aðstæður fyrir betri líðan og að nemendur, foreldrar og fagfólk í samstarfi við bæjaryfirvöld verði að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að svo megi verða.
<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/hafthor/reykjanesbaer.pdf>
- Formaður FFGÍR greindi frá aðgerð í formi samstarfsverkefnis með félagsmiðstöðinni Fjörheimum. FFGÍR og Fjörheimar ætla að stofna til málþings fyrir öll foreldrafélög grunnskóla Reykjanesbæjar, stjórnendur í grunnskólum Reykjanesbæjar og Ungmennaráð Reykjanesbæjar. Málþingið verður haldið í Háaleitisskóla og er markmiðið með þinginu að allir taki höndum saman og vinni saman að stefnumótun og markmiðum í forvörnum fyrir ungmenni bæjarins.

Málþing um snjallsímanotkun á skólatíma (grunnskólar)

- Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar sagði frá framgangi málþings sem Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar hélt í Hljómahöll þann 27. september. Málþingið var um snjallsímanotkun barna- og ungmenna á skólatíma. Á þinginu var boðið upp á fyrirlestra ásamt málstofum og umræðum. Mikil ánægja var með þingið. Sérstakt hrós til Skúla Braga Geirdal (fyrirlesari á þinginu, frá Fjölmiðlanefnd) sem kom upplýsingum vel frá sér á þinginu.

Kynning á forvarnarstarfi Háaleitisskóla

- Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir námsráðgjafi í Háaleitisskóla og Ólafía Kristín Guðmundsdóttir félagsráðgjafi í Háaleitisskóla kynntu forvarnarstarf skólans. Þær sögðu frá ráðgjafa-, lausna- og forvarnateymi skólans ásamt því að greina frá forvarnaráætlun skólans. Samtakahópurinn þakkar þeim fyrir greinargóða kynningu og hrósar þeim fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið kl. 15:45

Næstu fundur: 9. nóvember kl.14:00 í Ráðhúsinu

